

AUGLÝSING um deiliskipulag í Ísafjarðarbæ.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Breyting á deiliskipulagi Tunguskeiðs.

Gerð er breyting á uppdrætti þar sem lóðum við Bræðratungu er fjölgað um eina og verða þær sex í stað fimm. Lóð nr. 2 stækkar en aðrar lóðir minnka.

Lóðirnar eru áfram ætlaðar fyrir raðhús á einni til tveimur hæðum. Auk þess er heimilt að byggja allt að 10 m² geymsluskúr á hverri lóð, utan byggingarreits næst götu.

Að öðru leyti gilda öll ákvæði gildandi skipulags.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 20. júní 2023.

Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri á umhverfis- og eignasviði.

B-deild – Útgáfudagur: 4. júlí 2023